



Aðstoð og öryggi ehf. (Árekstur.is)

b.t. Kristjáns Kristjánssonar, framkvæmdarstjóra

Reykjavík 24. mars 2022

Efni: Verklag í málum ólögráða einstaklinga sem lenda í umferðaróhappi

Með fyrirspurn, dags. 22. febrúar sl., óskaði umboðsmaður barna eftir upplýsingum fyrirtækisins um það verklag sem viðhaft er þegar ólögráða öikumenn lenda í umferðaróhappi, þar sem fyrirtækið er kallað á vettvang. Svar barst frá Aðstoð og öryggi þann 14. mars sl., þar sem fram kom að „Öikumönnum ber að tilkynna um umferðaróhapp óháð aldri en bílprófsaldur er hér á landi 17 ára líkt og kunnugt er. Notast er við sama verklega gagnvart öllum sem hafa bílpróf en þeim ber sem fyrr segir að tilkynna um umferðaróhapp. Vænti þessa að framangreint svari fyrirspurn embættisins.“ Samkvæmt framangreindu svari er því ljóst að sama verklag er viðhaft gagnvart öllum öikumönnum, óháð aldri þeirra, en umboðsmaður barna hefur fengið ábendingar þess efnis að ekki væri tekið tillit til aldurs og reynsluleysis ólögráða öikumanna sem lenda í umferðaróhappi þegar fyrirtækið er kallað á vettvang.

Embætti umboðsmanns barna hefur það hlutverk að standa vörð um hagsmuni barna og vinnur að því að tekið sé fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna þeirra. Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er umboðsmanni jafnframt ætlað að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins.

Ber sérstaklega til þess að líta að þó svo að bílprófsaldur sé 17 ár, eru allir einstaklingar undir 18 ára aldri börn og eiga þar af leiðandi rétt á sérstakri vernd umfram fullorðna.

Að lenda í umferðaróhappi eru aðstæður sem geta reynst ungum og reynslulitlum öikumönnum erfiðar og í samskiptum þeirra við aðra aðila á vettvangi, svo sem aðra öikumenn og fulltrúa fyrirtækisins, þarf að hafa í huga að mikill aðstöðumunur er til staðar sem m.a. felst í muni á aldri, þroska, þekkingu og lífsreynslu.

Af því leiðir að þörf er á því að viðhafa annað verklag í málum öikumanna sem lögum samkvæmt eru ólögráða og ófjárráða börn, því gæta þarf að sérstakri og viðkvæmri stöðu þeirra, en auk þess ber að virða að forsjáraðilar barna fara með lögformlegt fyrirvar þeirra til 18 ára aldurs, samkvæmt ákvæðum barnalaga og lögræðisлага.

Á heimasíðu arekstur.is kemur fram að þjónustan sem Aðstoð og öryggi ehf. veitir er þjónusta við tryggingafélög og viðskiptavinum þeirra. Í henni felst útfylling á tjónaskýrslum, mælingar og myndatökur af vettvangi umferðaróhappa sem lögregla sinnir ekki. Einnig kemur fram að starfsmenn fái sérþjálfun

og eru með reynslu af aðkomu árekstra og slysa. Einnig þekki þeir vel hvernig fólk getur brugðist við á vettvangi og eru því vel í stakk búnir að veita sálræna skyndihjálpi til þeirra er með þurfa. Út frá framangreindum upplýsingum furðar umboðsmaður barna sig á því að ekki sé til staðar verklag í málum ólögráða ökumanna.

Umboðsmaður barna beinir því til Aðstoðar og öryggis að taka til skoðunar að móta sérstakt verklag þegar um er að ræða ólögráða ökumenn sem lenda í umferðaróhöppum sem tekur mið af viðkvæmri stöðu þeirra. Slíkt verklag getur t.d. falið í sér að viðkomandi ökumanni eru veittar frekari og skýrari upplýsingar um aðkomu fyrirtækisins og áhrif þess að skrifa undir og samþykkja skýrslur á vettvangi. Einnig er brynt að slíkt verklag feli í sér að í samskiptum við unga ökumenn á vettvangi óhapps, verði þeir ávallt upplýstir um rétt sinn til þess að fá að kalla til forsjáraðila eða eftir atvikum annan fullorðinn aðila, til að gæta hagsmuna þeirra.

Að lokum lýsir umboðsmaður barna sig reiðubúinn til samráðs við gerð framangreindra verklagsreglna ef óskað er eftir því.

Afrit af þessu bréfi er einnig sent á Sjóvá, Tryggingamiðstöðina, Vátryggingafélag Íslands og Vörð.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna